

Árnessýsla:

Birkiflöt á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Ósabakki III á nýbýli í landi Ósabakka, Skeiðahreppi.

Syðri-Reykir III á garðyrkjubýli í landi Syðri-Reykja I, Biskupstungnahreppi.

Straumur á garðyrkjubýli í landi Flúða, Hrunamannahreppi.

Varmagerði á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Vorsabær II á nýbýli í landi jarðanna Vorsabæjar og Efrivalla, Gaulverjabæjarhreppi.

Ösp á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 3. febrúar 1971.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Nr. 60.

9. febrúar 1971.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstri um Vallarstræti og Thorvaldssensstræti verður snúið við, þannig að ekið verður frá Pósthússtræti í Vallarstræti og Thorvaldssensstræti, en innakstur frá Kirkjustræti í Thorvaldssensstræti verður bannaður.
2. Einstefnuakstur verður á Skálholtsstíg til vesturs frá Laufásvegi að Frikirkjuvegi.
3. Vinstri beygja verður bönnuð af Laugavegi til norðurs í Nóatún, en bann þetta gildir þó ekki fyrir strætisvagna Reykjavíkur.
4. Vinstri beygjur verða bannaðar af Háaleitisbraut til norðurs og suðurs í Kringlumýrarbraut.
5. Lónsbraut verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hana viki fyrir umferð um Rofabæ og Bæjarháls.
6. Stöðumælar verða settir upp á Rauðarárstíg við Búnaðarbankann, Austurbæjarútibú og við miðeyju Snorrabrautar á milli Grettisgötu og Hverfisgötu. Gjald fyrir afnot stöðumælaeita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. febrúar 1971.

Sigurjón Sigurðsson.